

## GJALDSKRÁ

### fyrir hundahald í Ólafsvík.

#### 1. gr.

Leyfisgjald vegna undanþágu til hundahalds, sbr. c-staflið 2. gr. samþykktar um hundahald í Ólafsvík frá 11. júní 1990 skal vera krónur 1.000 fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði. Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir upphafstímabilið til reglulegs gjalddaga árgjalds sem er 1. mars ár hvert. Árgjaldið greiðist einnig fyrirfram fyrir tímabilið 1. mars til jafnlengdar. Innifalið í leyfisgjaldi er: árleg hundahreinsun, ábyrgðartrygging og hundaefirlit.

#### 2. gr.

Handsömunargjald skv. 5. gr. ofangreindrar samþykktar skal vera kr. 3.500 í fyrsta skipti, kr. 7.000 í annað og kr. 10.500 í þriðja skipti.

#### 3. gr.

Gjöld skv. 1. og 2. gr. eru miðuð við byggingavísitölu sem í gildi var 1. mars 1993 190,2 stig og sæti þau síðan hlutfallslegum breytingum fyrir hvert gjaldár miðað við breytingar á byggingavísitölu.

#### 4. gr.

Ofangreind gjaldskrá sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ólafsvíkurbæjar staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbriðiseftirlit til að öðlast gildi frá og með 1. mars 1993.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. september 1993.*

**Guðmundur Árni Stefánsson.**

Páll Sigurðsson.

## AUGLÝSING

**um breytingu á grunnfjárhæðum skv. 4. og 6. gr.,  
sbr. 22. gr. laga nr. 83/1984 um erfðafjárskatt.**

Grunnfjárhæð skv. 4. gr. verður kr. 585.013.

Grunnfjárhæð skv. 6. gr. verður kr. 42.106.

Breyting þessi tekur gildi 1. desember 1993 og gildir til jafnlengdar á næsta ári.

*Félagsmálaráðuneytið, 27. september 1993.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

Sturlaugur Tómasson.